

## Landssamtök hjólreiðamanna

Reykjavík 13. október 2013


Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Ráðhús Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

### Mál: Skipting stíga í svæði gangandi og hjólandi með 2m+1m línu.

Með þessu bréfi vilja Landssamtök hjólreiðamanna LHM óska eftir að sveitarfélagið fylgi reglum og leiðbeiningum um hönnun fyrir reiðhjól við gerð og merkingu stíga og sérstaklega að stígum sé ekki skipt í breitt svæði gangandi (um 2m) og mjótt svæði hjólandi (um 1m), með línu. Minnt er á bréf LHM dagsett 1. október 2012 til Hafnarfjarðarbæjar en þar var m.a. óskað eftir því að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu noti öll sömu leiðbeiningar um hönnun fyrir reiðhjól en „finni ekki upp hjólið“ sitt í hvoru lagi.<sup>[1]</sup>

Upphaflega voru svo kallaðir 2m+1m stígar merktir í Reykjavík en borgin hætti að merkja stíga með þeim hætti fyrir nokkrum árum enda kom í ljós að þetta olli slyshættu og er LHM kunnugt um slys sem hafa orðið útaf óvissu, sem þessar merkingar hafa skapað á stígnum. Í stað einfaldrar reglu um hægri umferð og framúrakstur vinstra megin eru menn ýmist hægra eða vinstra megin eftir því hvoru megin línan er máluð og í hvora áttina menn fara. Við hvert blindhorn og hverja blindhæð geta menn búist við að umferð komi á móti öfugu megin við akstursstefnu. Þessu má líkja við að ýmist gildi hægri eða vinstri umferð á sömu götunni eftir því hvort menn eru að fara í suður eða norður! Eins metra ræma sem hjólandi vegfarendum er ætluð er allt of mjó fyrir umferð úr gagnstæðum áttum og þá má ekki fara yfir heilrenda línu samkvæmt umferðarlögum. Skipting stíga með línu hvetur einnig til þess að of hratt sé hjólað miðað við aðstæður því hún skapar þá tilfinningu að umferð hjólandi og gangandi sé aðskilin og að hvor um sig haldi sig á sínum hluta á stígnum, sem ekki er raunin á of mjóum stíg. Til að svona skipting virki þarf stígur að vera að ákveðinni breidd eins og nánar er vikið að neðan. Ennfremur er í leiðbeiningum og myndböndum Samgöngustofu miðað við hægri umferð á stígnum.

Í þessu sambandi vilja samtökin vekja athygli Hafnarfjarðarbæjar á reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995<sup>[2]</sup>. Þar kemur fram að stígar sem skipt er með boðmerkjum þurfa að vera að fullnægjandi breidd. Samkvæmt veghönnunarreglum Vegagerðar ríkisins<sup>[3]</sup> er lágmarksbreidd sérstakra tviátta hjólreiðastíga 2,0 m. en 2,5 m ef þeir eru aðgreindir til hliðar við göngustíga. Samkvæmt leiðbeiningum um hönnun fyrir reiðhjól<sup>[1]</sup> þurfa tviátta stígar fyrir hjólandi að vera 2,5 m að breidd.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	1610-2613
Málsnr:	1210077
Bréfal:	571-4

Tvískiptir stígar sem hafa verið merktir meðfram t.d. Herjólfsgötu og Fjarðargötu fyrir gangandi og hjólandi uppfylla engan veginn þessar kröfur þar sem hjólahlutinn er aðeins 1 m að breidd. Það er ábyrgðarhluti að merkja stíga með þessum hætti í trássi við veghönnunarreglur Vegagerðarinnar og leiðbeiningar um hönnun fyrir reiðhjól. Þess má geta að engir viðurkenndir staðlar hvorki vestan hafis né austan gera ráð fyrir svo mjóum hjólastígum.

**Landssamtök hjólréiðamanna vilja með þessu bréfi óska eftir því að Hafnarfjarðarbær merki ekki stíga með 2m+1m merkingum þar sem þessar merkingar skapa rugling um reglur á stígnum, minnka öryggi og valda slyshættu. Jafnframt óska samtökin eftir því að núverandi línur verði afmáðar sem fyrst.**

Meðan umferð réttlætir ekki gerð sérstakra stíga fyrir hjólandi ætti að gilda einföld hægri regla umferðar á stígnum og fara ætti framúr vinstra megin og er það öruggara í alla staði heldur en 2m+1m skipting stíga. LHM hefur gefið út leiðbeiningar fyrir hjólandi vegfarendur<sup>[4]</sup> og er markmið þeirra að auka öryggi hjólandi í umferðinni og draga úr núningi milli hjólandi og annara vegfarenda og hvetja til tillitsemi. Æskilegt er að sveitarfélagið kynni þessar reglur fyrir íbúum sínum. Þess má geta að um 62% íbúa höfuðborgarsvæðisins hjólar yfir árið samkvæmt ferðavenjukönnun 2011 og er því meirihluti íbúa að hjóla um stíga, gangstéttir og götur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Landssamtökin eru ávallt reiðubúin til samstarfs og samvinnu um öll mál er varða hag hjólréiðamanna.

Virðingarfyllt



Árni Davíðsson  
formaður Landssamtaka hjólréiðamanna

Tilvísanir:

[1] Hönnun fyrir reiðhjól. Leiðbeiningar júní 2012. EFLA verkfræðistofa fyrir Reykjavíkurborg.  
[http://www.reykjavik.is/Portaldatal/1/Resources/umhverfissvid/myndir/skyrslur/Leiðbeiningar\\_honnun\\_hjol.pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldatal/1/Resources/umhverfissvid/myndir/skyrslur/Leiðbeiningar_honnun_hjol.pdf) (meðfylgjandi)

[2] Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra. nr. 289/1995.  
<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/289-1995>

[3] Veghönnunarreglur. 02 Þversnið. Vegagerðin 10.01.2011.  
[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/VhRg02\\_THversnid/\\$file/VhRg02\\_Thversnid\\_2011.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/VhRg02_THversnid/$file/VhRg02_Thversnid_2011.pdf)

[4] Leiðbeiningar LHM fyrir hjólandi. 2. útgáfa.  
<http://lhm.is/lhm/frettir/884-leidbeiningar-lhm-2-utgafa> (meðfylgjandi)



## Almennar leiðbeiningar fyrir hjólandi umferð



Sýnum öðrum ávallt tillitsemi og aðgát.

Fylgjum ávallt umferðarlögum.

Notum góð ljós þegar rökkvar og gætum þess að vera sýnileg.

Högum hraða ávallt miðað við aðstæður og sýn fram á veg/stíg.

Lítum aftur og gætum að umferð og gefum skýr merki með höndum ef við á áður en við beygjum, breytum stöðu á stíg/veg eða hægjum á ferð.

## Leiðbeiningar fyrir hjólandi á stígum og gangstéttum með blandaðri umferð



Gangandi vegfarendur hafa forgang.

Stillum hraðanum í hóf á stígnum því þeir eru oftast hannaðir fyrir hæga gangandi umferð með blindhornum og kröppum beygjum.

Höfum almennt í huga reglu um hægri umferð - höldum okkur til hægri og förum framúr vinstra megin.

Förum varlega framúr öðrum og gefum tímanlega kurteislegt hljóðmerki með bjöllu.

Vikjum til hægri fyrir þeim sem vilja komast framúr þegar það er öruggt.

Veitum ökutækjum sérstaka aðgát þegar stígur liggur yfir götu.

## Leiðbeiningar fyrir hjólandi á götum með 50 km hraða eða minna



Höldum okkur að lágmarki um einn metra frá hægri kanti eða kyrrstæðum bifreiðum.

Fylgjum umferðarstráumnum og breytum ekki um stefnu öðrum að óvörum.

Við eftirfarandi aðstæður ætti hjólandi við flestar kringumstæður að taka **vikjandi** stöðu á akbraut, sem er um einn metra hægra megin við umferðarstraum en varla nær akbrautarbrún en sem nemur einum metra:

- þegar nægilegt pláss er fyrir akstur bíls og reiðhjól hlið við hlið
- þegar langt er milli gatnamóta eða innkeyrslna
- til að hleypta bílum framúr

Við eftirfarandi kringumstæður ættu hjólandi að taka **ríkjandi** stöðu á miðri akrein:

- þegar ekki er nægilegt pláss fyrir bíl að fara framúr, s.s. í þrengingum,
- við gatnamót, í beygjum og í hringtorgum
- þegar farið er framhjá bílum sem gætu óvænt ekið í veg fyrir hjólandi s.s. við innkeyrslur og bílastæði

Lítum aftur og gætum að umferð áður en ríkjandi staða er tekin á akrein, skipt er um akrein og áður en beygt er til vinstri eða hægri.

Fara skal fram úr vinstra megin að öllu jöfnu. Reiðhjólum er leyfilegt að fara framúr vélknúnum ökutækjum hægra megin en það þarf að gerast með varúð.

Gæta skal að löngum ökutækjum, varasamt er að vera hægra megin við þau ef mögulegt er að þau beygi til hægri.

Hjólandi á akbraut ber að veita umferð gangandi og hjólandi forgang á gangstétt eða gangstíg.